

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og verulegt misræmi er í frásögn kærða og mæðgnanna, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. desember n.k. kl. 17:00, enda er kærði grunaður um brot er getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 21. desember 1987 kl. 17:00.

Mánudaginn 21. desember 1987.

Nr. 345/1987. **Hörður Rist Ólafsson**

gegn

**heilbrigðisráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
Ólafi Helga Grímssyni og
Sigmundi Sigfússyni**

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember 1987, er barst 3. þ.m. Hann krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið upp og halda því áfram þar sem frá var horfið. Sóknaraðili krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Fallast ber á, að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo óskýr að stað-

festu beri hinn kærða frávísunardóm. Þá er það að athuga, að sóknaraðili hefur eigi notfært sér tiltæk réttarfarsúrræði til að fá úr því skorið, hvort hann á rétt á að fá þær sjúkraskýrslur sem hann hefur leitað eftir.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1987.

1.0

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu föstudaginn 20. nóvember sl., hefur Hörður Rist Ólafsson, nnr. 4476-7856, hæstaréttarlögmaður, Njálsgötu 87, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu þingfestri 4. júní 1987 á hendur Ólafi Helga Grímssyni, nnr. 6756-5916, lækni, Hörgslundi 6, Garðabæ, Sigmundi Sigfússyni, nnr. 7576-1384, lækni, Flögusiðu 3, Akureyri, Ragnhildi Helgadóttur heilbrigðisráðherra, nnr. 7237-5416, Stigahlið 73, Reykjavík, f.h. ríkisspítalanna og Þorsteini Pálssyni, nnr. 9753-5388, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 45.000.000,00 með dómvöxtum frá 29. apríl 1986 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi og þeim verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefjast stefndu, að þeir verði algjörlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til þrautavara krefjast stefndu, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn falla niður.

2.0

Stefnandi, sem samkvæmt gögnum málsins virðist hafa verið til meðferðar á geðdeild Landspítalans um nokkurn tíma á árunum 1983 og 1984, lýsir málsatvikum svo, að hann hafi aldrei verið áfengissjúklingur. Hann hafi stundað íþróttir og alla tíð verið við góða heilsu, þar til hann hafi orðið á vegi lækna Ólafs Helga Grímssonar og Sigmundar Sigfússonar og þeir tekið að beita hann sinni læknskúnt. Meðferð þeirra hafi leitt til þess, að stefnandi hafi orðið ósjálfbjarga og reynt að fremja sjálfsmorð

7. júlí 1983. Stefnandi hafi enn verið ósjálfbjarga fyrir jólin 1983, þegar hann hafi verið útskrifaður. Hins vegar hafi honum verið fenginn plástur, vottorð um að nú væri hann orðinn meira en 75% öryrki, sem jafnframt hafi verið ávísun á kr. 15.000,00 á mánuði úr opinberum sjóði.

Stefnandi segir störf lögmanns vera trúnaðarstörf. Geðveikum lög-mönnum séu ekki falin slík störf. Reynsla stefnanda sé sú, að lögmanni, sem hafi verið á geðdeild, sé heldur ekki falin slík störf, þótt heilbrigður sé. Að öðru leyti taki ýmsir ekki það mark á honum, sem þeir áður gerðu.

Stefnandi segir stefnukröfuna vera bætur, fjártjón og annað tjón. Hann reisir kröfu sína um bætur fyrir fjártjón á hendur hinum stefndu á sakar-reglu skaðabótaréttarins, en kröfu um bætur fyrir annað tjón á meginreglu 264. gr. almennra hegningarlaga. Hann segir stefnukröfuna vera um það bil 1/15 hluta af dómkröfum ekkju geimfarans, sem fórst á Challenger. Hins vegar muni hann leggja fram útreikninga, actuarii, dómara til leið-beiningar og viðmiðunar.

Stefnandi upplýsir, að mál þetta hafi upphaflega verið þingfest 5. júní 1986, en það hafi fallið niður vegna útivistar hans.

3.0

Í greinargerð stefndu segir, að mál þetta sé nú borið undir dómstóla í annað sinn. Í hið fyrra skiptið hafi af hálfu stefndu verið krafist frávísunar vegna vanreifunar. Ekki verði hjá því komist að hafa þá kröfu uppi aftur. Ekki hafi verið bætt úr réttarfarslegum annmörkum hins fyrri málatil-búnaðar nema að óverulegu leyti. Allar þær ástæður, sem áður hafi leitt til frávísunar, geri það enn.

Aðalkrafa stefndu um frávísun sé reist á því, að mál þetta sé algjörlega vanreifað af hálfu stefnanda. Málsútlistan hans sé enn með þeim hætti, að með öllu sé óljóst, á hvaða málsástæðum sé byggt. Fjallað sé um mála-vesti undir kaflaheitinu „málsatvik“. Sú umfjöllun öll feli í sér afar óljósa lýsingu málavaxta. Verði trauðla séð af henni, á hvaða málsástæðum sé byggt.

Niðurlag kaflans „Skjöl við þingfestingu“ beri með sér, að stefnandi ætli stefndu að hafa hönd í bagga við málatilbúnað sinn. Ennfremur leggi hann ekki fram nein gögn sem raunverulegt gagn sé að, til að styðja sjónarmið sín. Megi t.d. nefna, að sjúkradagbók hans vanti, en ætla verði að hann hafi sjálfur greiða leið til að komast yfir hana og leggja fram í málinu. Á hinn bóginn séu flest þau gögn, sem stefnandi hafi lagt fram, málinu í raun óviðkomandi.

Þá sé afar takmörkuð grein gerð fyrir því, hvaða afleiðingar stefnandi telji lækni meðferð þá, sem hann hlaut á Landspítalanum, hafi haft fyrir hann. Ekki sé heldur nein grein gerð fyrir heilsufari hans, áður en læknis-

meðferðin hófst. Loks sé heldur ekkert upplýst um, hvaða lyf honum hafi verið gefin eða hvers vegna þau hafi ekki átt við með hliðsjón af heilsufarsástandi hans.

Stefnandi geri kröfu um bætur sér til handa að fjárhæð 45 milljónir króna. Hann telji sig hafa bæði fjártjón og miska af völdum stefndu. Samhengið milli málsreifunar annars vegar og stefnukrafna hins vegar sé ekki finnanlegt í umfjöllun stefnanda. Eina tilraun stefnanda til að varpa ljósi á fjárhæð stefnukröfunnar sé að finna í kaflanum „lagarök“. Sé þar vitnað til atvika, viðmiðana og hugsanlegra réttarreglna, sem falli langt utan marka íslensks réttar. Þótt ekki kæmi annað til en þetta eitt, sýnist frávisun málsins augljós.

Þá vanti alla sundurliðun á kröfu vegna fjárhagslegs tjóns annars vegar og miskabóta hins vegar, sem hljóti að leiða til þess, að efnisdómur verði ekki felldur á þessa þætti málsins.

Allur framangreindur máltilbúnaður sé með þeim hætti að hann feli í sér brýnt brot á fyrir mælum réttarfarslaga þess efnis, að máltilbúnaður skuli vera skýr og glöggur. Af þeirri ástæðu, sbr. einnig það sem hér hafi verið sagt um vanreifun málsins af hálfu stefnanda, beri að vísa málinu frá dómi.

4.0

Rétt þykir eins og atvikum máls þessa er háttað, að gera örstutta grein fyrir meginrökum stefndu varðandi efnishlið málsins.

Verði málinu ekki vísað frá, krefjast stefndu sýknu. Stefndu telja, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem rekja megi til bótaskyldra athafna annarra.

Stefndu telja, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að nein þau tengsl utanaðkomandi aðila við málsatvik séu fyrir hendi, sem bótaskyldu geti varðað, þótt fallist væri á, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni.

Undir engum kringumstæðum sé hægt að sýna fram á orsakatengsl á milli þeirrar læknismeðferðar, sem stefnandi hlaut á Landspítalanum og þess tjóns, sem hann telji sig hafa orðið fyrir, sé fallist á að stefnandi hafi orðið fyrir skaða. Hafi ekki komið fram nein þau gögn frá stefnanda, sem varpað geti ljósi á þætti í læknismeðferðinni, er hugsanlega hafi getað bakað stefnanda tjón.

Krafa stefnanda um miskabætur eigi sér enga stoð, enda hafi hann ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni, er uppfylli skilyrði 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þrautavarakrafa stefndu er byggð á þeim forsendum, að stefnukrafan sé örökstudd og allt of há. Um skort á rökstuðningi hjá stefnanda vísa stefndu til þess, sem að framan greinir.

5.0

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfunni sé hrundið og málið tekið til efnislegrar umfjöllunar. Hann krefst þess að sér sé tildæmdur málskostnaður úr hendi stefndu.

Hann mótmælir eindregið málsástæðum lögmanns stefndu. Málavexti og málsatvik telur hann koma skýrt fram í málsskjölum. Hann telur málsatvik ljós og tjón sitt augljóst. Ennfremur telur hann málsástæður sínar skýrar og skilmerkilegar. Erfitt hafi verið að afla vissra gagna, svo sem sjúkragagnabókar, sem hann hafi gert ítarlegar tilraunir til að fá í hendur. Hann telur það vera skyldu stefndu að aðstoða sig við öflun þeirra gagna.

Stefnandi telur kröfur sínar sanngjarnar og mótmælir því alfarið, að kröfur sínar séu ekki dómtækar, enda muni hann síðar gera grein fyrir fjártjóni og miska og leggja fram útreikninga í því sambandi.

Hann telur málalíbúnað sinn skýran og glöggan og frávísunarkröfuna því vera út í hött.

6.0 Forsendur og niðurstaða.

Fallast verður á það með stefndu, að málavaxtalýsing stefnanda sé óljós. Ekki liggur ljóst fyrir á hvaða grundvelli stefnandi byggir kröfur sínar í málinu. Framsetning málalíbúnaðar í stefnu og greinargerð er stuttaraleg og sundurlaus og innihald rýrt. Orsakir sjúkleika stefnanda og afleiðingar hans eru lítt skilgreindar og erfitt er að sjá hvað hafi í raun valdið sjúkleika hans. Lítil grein er gerð fyrir því, hvaða afleiðingar stefnandi telur læknismeðferð þá, er hann hlaut, hafi haft fyrir hann og ekki er heldur gerð nægileg grein fyrir heilsufari hans áður en læknismeðferð hófst, né hvaða lyf honum hafi verið gefin og hvers vegna þau hafi ekki átt við. Orsakatengsl eru flest óljós og orsakavaldur óupplýstur. Erfitt er að sjá af málskjölum, á hvaða málsástæðum er byggt og hverjar kunna að vera fyrir hendi.

Kröfufjárhæð er örökstudd og engar vísbendingar eru gefnar um stærð eða umfang tjónsins að öðru leyti. Kröfufjárhæð er ekki sundurliðuð, t.d. í fjártjón og miska og er því ekki kleift að leggja efnisdóm á þá þætti málsins. Lítið samhengi er milli málsreifunar annars vegar og kröfufjárhæðar hins vegar. Þá er og að finna viðmiðun við óskýlt atvik erlendis, sem ekki getur átt við.

Það er grundvallarregla réttarfarslaga, sbr. 88. gr., 1. mgr. 105. gr. og 116. gr. laga nr. 85/1936, að málalíbúnaður skuli vera skýr og glöggur. Telja verður samkvæmt framansögðu, að málið sé vanreifað af hálfu stefnanda og málalíbúnaður sé að öðru leyti ekki nægilega skýr og glöggur til að dómur verði lagður á efni máls þessa. Þykir því óhjákvæmilegt, með vísan til 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, að vísa þessu máli frá dómi.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. desember 1987.

Nr. 125/1987. **Kristveig Ósk Jónsdóttir**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Samvinnutryggingum g.t. og

Jónatan Jónatanssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótaskylda. Vátrygging. Sakarefni skipt.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1987. Dómkröfur hans eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu beri in solidum að bæta áfrýjanda allt tjón og miska, er hann varð fyrir í umferðarslysinu 26. desember 1983.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.